



ENDURSKOÐUN

Helga Harðardóttir

löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

Hver er líklegur til að vera sekur um fjársvik?



Félag löggiltra endurskoðenda

Allavega má telja að greining á síbreytilegu eðli fjársvika og þeirra sem fremja slíka glæpi geti hjálpað fyrirtækjum að herða varnir sínar gegn slíkum glæpum.

Sérfræðingar í fjársvikamálum hafa lengi deilt

um hvort hægt sé að kortleggja einkenni þess sem gerist sekur um fjársvik nógu nákvæmlega til að gera fyrirtækjum kleift að standa þann seka að verki eða jafnvel greina viðkomandi áður en brotin eiga sér stað. Allavega má telja að greining á síbreytilegu eðli fjársvika og þeirra sem fremja slíka glæpi geti hjálpað fyrirtækjum að herða varnir sínar gegn slíkum glæpum.

KPMG International hefur undanfarin ár framkvæmt rannsóknir á fjársvikum og sett fram skýrslur um niðurstöður þeirra. Hver er hinn dæmigerði starfsmaður sem er sekur um fjársvik samkvæmt rannsókninni?

- Starfsmaður á aldrinum 36 til 45 ára.
- Starfsmaður sem starfar í framkvæmdastjórn, á fjármálasviði, rekstrarsviði eða sölu- og markaðssviði.
- Er í stjórnunarstöðu hjá félaginu.
- Hefur starfað hjá viðkomandi félagi í meira en sex ár.
- Fær aðra starfsmenn til liðs við sig.
- Fremur brotið í fleiri en einni færslu og brotið stendur yfir í 1-5 ár.
- Starfsmaður sem nýtur trausts og er í ábyrgðarstöðu hjá félaginu.
- Hefur ekki brotið af sér áður og brot hans kemur öllum að óvörum.
- Hvatinn að brotinu er græðgi, fjárhagslegur ávinningur eða fjárhagsferiðleikar viðkomandi.

Skýrslan leiðir í ljós, eins og áður, að ávallt eru til staðar á sama tíma þættir í umhverfi brotamanna sem verða til þess að þeir gerast sekir um fjársvik en þeir þættir eru:

- Hvati
- Tækifæri
- Réttlætning

Hvatinn getur verið af ýmsum toga, s.s. fjárhagsferiðleikar viðkomandi eða hreinlega græðgi. Viðkomandi þarf að vera í þeirri aðstöðu að geta framkvæmt misgjörðir, þ.e. hefur tækifæri til þess t.d. með því að nýta sér veikleika í innra eftirliti. Að lokum er það réttlætning þess sem brýtur af sér en hún getur verið með ýmsum hætti, t.d. viðkomandi finnst hann eiga skilið hærri laun.

Rannsóknin leiddi í ljós að yfir helmingur fjársvikanna var mögulegur vegna veikleika í innra eftirliti. Þetta gefur til kynna að ef fyrirtæki auka eftirlitsaðgerðir og eftirlit með starfsmönnum geti þau með þeim hætti lágmarkað áhættuna á að brot verði framið. Fyrirtæki leggja of oft ekki nægjanlega áherslu á forvarnir gegn fjársvikum t.d. með því að innleiða viðeigandi eftirlitsþætti og læra of seint af reynslunni. Möguleikar á fjársvikum eru síbreytilegir og valda því að hinn dæmigerði brotamaður breytist einnig. Fyrirtæki verða að vera meðvituð um slíkar breytingar til að geta dregið úr áhættunni á fjársvikum. Ein af stærstu breytingunum er hvernig umræddir aðilar nýta sér tæknina og getur það bent til þess að nýtt skeið fjársvika og ólögætrar starfsemi sé gengið í garð.

Öflugt innra eftirlit getur ekki komið í veg fyrir öll fjársvikamál. Í sumum tilfella var brotið framið þrátt fyrir virkt innra eftirlit og jafnvel lögðu brotamenn á ráðin með öðrum til að sniðganga eftirlitið. Í mörgum tilvikum finnur viðkomandi aðili fyrir tilviljun veikleika í innra eftirliti og nýtir sér það.

Stöðugt þarf að huga að innra eftirliti og kanna hvort það nái tilætluðum árangri. Verklag og tækni innan fyrirtækis eru stöðugt í þróun og taka miklum breytingum. Innleiðing á nýjum hugbúnaði getur t.d. oft veikt innra eftirliti. Sífelld þróun í svokölluðu rauntímaeftirliti (e. continuous audit and monitoring) þar sem settar eru upp sjálfvirkar eftirlitsaðgerðir í tölvukerfum hafa reynst fyrirtækjum vel í að fylgjast með óvenjulegum færslum, aðgerðum eða munstri í upplýsingakerfum og þannig komið í veg fyrir hugsanlegt tjón af völdum fjársvika.

Hægt er að nálgast skýrsluna í heild sinni á heimasíðu KPMG, www.kpmg.is.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 28. ágúst 2014 bls. 12.